

## Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

17. nóvember 2020

### Fundargerð (15)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 17. nóvember, kl. 14.00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 13. nóvember.

Dagskrá:

1. **Aðild Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) að störfum stýrihóps.** Fyrir fundinum lá til staðfestingar eftirfarandi tillaga verkefnisstjórnar sem stýrihópurinn hafði samþykkt rafrænt milli funda:

- Einn fulltrúi frá SFV fær fast sæti í stýrihópi sem áheyrnarfulltrúi.
- Einn fulltrúi frá SFV verður varamaður í stýrihópi sem áheyrnarfulltrúi í forföllum aðalmanns.
- Mælt er til þess að SFV setji á laggirnar innleiðingarhóp sem hefur sömu hlutverk og tilgang og innleiðingarhópar opinberra launagreiðenda og er skipaður, til viðbótar við fulltrúa SFV, einum aðila frá hverju bandalagi/Fíh eins og aðrir innleiðingarhópar.

Afgreiðsla samþykktarinnar staðfest og Tryggvi boðinn velkominn sem áheyrnarfulltrúi SFV. Hann mun senda verkefnisstjóra nafn, netfang og símanúmer varamanns síns í tölvupósti. Fundarstjóri fór yfir vinnu- og samskiptareglur sem stýrihópurinn samþykkti 8. september sl. undir leiðarljósunum **GAGNSÆI OG SKILVIRKNI**. Í þeim felast skuldbindingar um:

1. Vandaðan undirbúning funda og öll skjöl aðgengileg, tímanlega og á einum stað
2. Nýta tæknilega möguleika á fundum og milli þeirra
3. Vera vel lesin og markviss í umræðu
4. Bera virðingu fyrir skoðunum og tíma annarra
5. Sýna hreinskilni, kurteisi og traust
6. Virka hlustun og varast símanotkun og ytra áreiti
7. Þátttöku allra í umræðu, forðast einræður og endurtekningu
8. Viðhafa fagleg vinnubrögð, sýna samheldni og rýna til gagns
9. Taka upplýsta afstöðu og ákvarðanir
10. Árangursríka, skemmtilega og skilvirka fundi
11. Markvissa fundarstjórn og fundarritun
12. Skýr næstu skref, málum vísað í farveg og fylgt eftir.

Um leið og fundarstjóri fagnaði aðkomu SFV að hópnum benti hún á að fundargerðir og öll gögn, þ.m.t. yfirlit um stýrikerfi og erindisbréf innleiðingarhópa og matshóps séu tiltæk á vefnum og hvatti til þess að fulltrúi SFV kynni þau í sínum röðum.

2. **Fundargerð** 14. fundar stýrihóps samþykkt.
3. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
4. **Dagvinnufólk og vaktavinnufólk.** Fyrir fundinum lá til umræðu minnisblað verkefnisstjórnar um störf undirhóps sem stýrihópurinn fól að vinna skilgreiningar á vaktavinnumanni og dagvinnumanni til undirbúnings þeim breytingum sem verða á grunni fylgiskjals 2. Málið rætt. Samþykkt að launagreiðendur yfirfari málið og greini frá viðbrögðum sínum við álitaeftum sem dregin eru saman í lok minnisblaðsins á næsta fundi stýrihópsins. 1. desember n.k.
5. **Matshópur, staða mála.** Einar Mar fór yfir kynningu á stöðu mála í matshópnum og þau álitaefti, sem þar er við að fást.
6. **Starfsfólk sem tekur lífeyri samhliða starfi.** Bára Hildur sagði frá því að spurningar hafi vaknað um hvort hækkað starfshlutfall í nýju vaktavinnukerfi kunni að hafa áhrif á stöðu ellilífeyrisþega sem vinna í vaktavinnu og rétt þeirra til töku lífeyris. Reglur eru að einhverju marki mismunandi milli sjóða. Fulltrúar í stýrihópnum verða verkefnisstjórn innan handar við að kortleggja hvaða reglur eru í gildi í hverjum sjóði.
7. **Önnur mál**
  - **Bréf til stjórna fræðslusjóða.** Bára Hildur lagði fram til upplýsingar texta bréfs sem hún undirritar f.h. stýrihóps til stjórna fræðslusjóða með ósk um viljrði fyrir þátttöku í kostnaði við námsefti. Mál rætt og samstaða um að fulltrúar í stýrihópnum mæli fyrir erindinu hver á sínum vettvangi.
  - **Næstu fundir.** Ákveðið að næstu fjarfundir verði boðaðir þriðjudagana 1. desember og 15. desember kl. 14 til 15.30.

Fundi slitið kl. 15.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams.